**Fundur stjórnar FEBSEL19. mars 2024 kl. 16:30.**

Mættir: Kristbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, Stefán Bergmann og Helgi Hjaltason.

Dagskrá:

1. **Opinn fundur**
   Opinn fundur um dánaraðstoð verður haldinn í sal bókasafnsins 4. apríl n.k. kl. 16:30. Ingrid Kulman talar á fundinum félaginu að kostnaðarlausu. Fundurinn verður auglýstur fyrir páska.

2. **Samstarf við Gróttu**
   Rætt um hvernig megi auka samvinnu við íþróttafélagið Gróttu varðandi hreyfingu fyrir eldri borgara næsta haust. Það verði hluti af forvarnarstarfi bæjarins fyrir aldurshópinn 65+. Kristbjörg mun skoða það nánar.

3. **Forvarnarstefna Seltjarnarness**
   Sigríðurer í forvarnarráði bæjarins. Hún sagði frá forvarnarstefnu bæjarins og starfsmanni sem hefur unnið að henni fyrir bæinn. Hingað til hefur aðaláherslan verið lögð á börn og ungmenni en nú er kominn nýr kafli sem snýr að 65+. Sigríður sagði margt athugavert við stefnuna, sérstaklega í kaflanum um elsta hópinn. Hún er tilbúin að vinna hana áfram og vill að félagið fari vel yfir drögin og komi með athugasemdir og sendi umsögn til forvarnarráðs.

4. **Lög félagsins**
   Búið er að endurskoðun lög félagsinsog voru þau samþykkt á aðalfundi félgsins 29. febrúar 2024.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.